

Föstudaginn 7. október 1983.

Nr. 120/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Júliusi Einarssyni**

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Brot gegn áfengislögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 8. apríl 1983. Ágrip máls barst Hæstarétti 10. ágúst 1983.

Af hálfu ákærvalds er krafa gerð um þyngingu refsingar.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Í þeim kemur fram, að 3. ágúst 1980 voru á vegum rannsóknarlögreglu ríkisins tekin fingraför af ákærða og Ómari Helgasyni og þau borin saman við fingraför, er fundust á brennivínsflösku þeirri, er mál þetta tekur til. Rannsókn þessi reyndist ónothæf sakir þess, hve óljós förin á flöskunni voru.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

Ákæra var gefin út 26. febrúar 1981. Málið var hins vegar eigi þingfest fyrr en 2. mars 1982 og dómur ekki upp kveðinn fyrr en 30. desember s. á.

Ber að átélja þann drátt, sem orðið hefur á meðferð máls þessa.

**D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði, Július Einarsson, greiði allan kostnað af áfrýjun

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Seltjarnarness 30. desember 1982.

Árið 1982, fimmtudaginn 30. desember, er á dómþingi sakadóms Seltjarnarness, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2135/1980: Ákærvaldið gegn Júlíusi Einarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. desember sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 26. febrúar 1981, höfðað gegn Júlíusi Einarssyni leigubifreiðarstjóra, Barðaströnd 39, Seltjarnarnesi, fyrir að hafa um kl. 2345 laugardaginn 2. ágúst 1980 selt Ómari Helgasyni eina brennivínsflösku fyrir allt að gkr. 20.000 í leigubifreiðinni G 816 við Bárugötu 20 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 28. september 1936 á Akranesi, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1954 26/4 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

1954 19/11 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1955 28/7 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

1955 25/11 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.

1956 20/8 í Reykjavík: Áminning fyrir umferðarlagabrot.

1956 11/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1956 21/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.

1957 12/4 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1958 11/2 í Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í eitt ár, fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.

1958 4/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1958 4/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1958 12/12 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.

1960 19/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

1960 17/5 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

- 1961 21/9 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald og svipting ökuleyfis ævilangt fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.
- 1962 30/4 í Reykjavík: Dómur: 10.200 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengisлага. Staðfest í Hæstarétti 2/11 1962.
- 1965 29/1 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1969 21/1 í Gullbringu-og Kjósars. Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 6. mgr. 48. gr. og 3. mgr., j lið, 49. gr. umferðarlaga.

Af hálfu ákærða er haldið uppi vörnum í málinu og þess krafist, að hann verði algerlega sýknaður og honum verði til dæmdur ríflegur málskostnaður.

### *Málavextir.*

Laugardagskvöldið 2. ágúst 1980 voru rannsóknarlögreglumennirnir Hákon Sigurjónsson og Hörður Jóhannesson á ferð í miðborg Reykjavíkur á ómerktri bifreið, og voru þeir öðru fremur að svipast um eftir leynivinsölu. Um kl. 2335 voru þeir staddir á Tryggvagötu gegnt innkeyrslunni að athafnasvæði Borgarbílastöðvarinnar. Þeir veittu þá athygli bifreiðinni G 816, nýrri silfurgrárrí Toyota Crown leigubifreið, sem ekið var frá stöðinni vestur Tryggvagötu. Þeir þekktu ökumann bifreiðarinnar sem ákærða í máli þessu, en auk hans var einn farþegi í bifreiðinni, ungur maður, sem sat í framsæti hennar við hlið ákærða. Lögreglumennirnir fylgdust með ferðum bifreiðarinnar, er henni var ekið vestur Tryggvagötu um Grófina og síðan vestur Vesturgötu. Á Vesturgötu skammt austan gatnamóta Ægisgötu kváðu þeir bifreiðina hafa verið stöðvaða og farþegann farið úr henni. Þeir voru þá staðsettir við Norðurstíg og sáu, að farþeginn gekk frá bifreiðinni að versluninni á horni Vesturgötu og Ægisgötu og var þá tómhentur. Leigubifreiðinni var svo snúið við á Ægisgötunni og ekið til baka í áttina að þeim. Þeir óku þá norður Norðurstíg og stöðvuðu þar á bifreiðastæði. Leigubifreiðinni var ekið á eftir þeim og svo fram úr þeim norður Norðurstíg inn á Tryggvagötu til austurs. Lögreglumennirnir héldu í humátt á eftir bifreiðinni, þar sem henni var svo ekið um Grófina, Vesturgötu, Garðastræti og vestur Ránargötu, þar sem hann lagði bifreiðinni á móts við City Hótel. Ákærði fór þar út úr bifreiðinni og gekk inn í hús þarna við götuna gegnt hótelinu, en lögreglumennirnir lögðu bifreiðinni, sem þeir voru á, á bifreiðastæði við Garðastræti gegnt Ránargötu og fylgdust þaðan með ferðum ákærða. Jafnframt höfðu þeir talstöðvarsamband við lögreglumennina Ólaf Guðmundsson og Benedikt Benediktsson, sem einnig voru á ómerktri bifreið, sem þeir þá lögðu við gatnamót Ægisgötu og Ránargötu. Þeir Hákon og Hörður fylgdust með ákærða, er hann kom út úr greindu

húsi, og var þá einhver umferð við hótelið, m. a. var þar bifreið frá herlög-reglunni á Keflavíkflugvelli ásamt lögreglumanni úr Reykjavík. Þeir kváðu ákærða hafa beðið við húsið, þar til bifreiðin var farin, en þá gengið rակeitt að bifreið sinni og þá mátt greina, að hann hélt á einhverju undir yfirhöfninni, sem hann var í. Hann hafði svo ekið vestur Ránargötu. Við gatnamót Ægisgötu og Ránargötu biðu áður nefndir lögreglumenn Ólafur og Benedikt, og tóku þeir við eftirförinni og fylgdust með bifreiðinni G 816, er henni var ekið vestur Ránargötu, norður Ægisgötu og vestur Vesturgötu og svo beygt suður Bræðraborgarstíg, þar sem hún var stöðvuð, og fór þar inn í bifreiðina maður, sem hafði meðferðis hvítan plastpoka, en ekki gátu lögreglumennirnir merkt innihald hans. Bifreiðinni var svo ekið um Bræðraborgarstíg og beygt austur Báraugötu, þar sem hún var stöðvuð við hús nr. 20. Þar virtist lögreglumönnunum sem greiðsla færi fram, og svo fór farþeginn út úr bifreiðinni og gekk norður fyrir götuna að hliðinu við hús nr. 20. Lögreglumennirnir stöðvuðu þá hina ómerktu bifreið, sem þeir voru á, við hlið bifreiðarinnar G 816, og fór Ólafur út til að ræða við farþega leigubifreiðarinnar, en leigubifreiðinni var þá ekið af stað, en stöðvuð nær strax aftur, og fylgdist ákærði þá með, er Ólafur ræddi við farþegann, en ók svo á brott. Farþeginn reyndist vera með eina flösku af íslensku brennivíni í plastpokanum, auk kókfjösku og kvaðst hafa keypt hana af leigubifreiðarstjóranum, sem ók honum að Báraugötu 20. Farþeginn, sem reyndist vera Ómar Helgason, Álftamýri 56, Reykjavík, var færður á lögreglustöðina í Reykjavík til skýrslutöku, og að henni lokinni var hann beðinn að biða á lögreglustöðinni, meðan frekari rannsókn færi fram. Reynt var svo að hafa upp á ákærða, og var m. a. hafður lögreglumaður á verði við hús hans á Seltjarnarnesi. Um kl. 0243 kom ákærði gangandi að heimili sínu eftir gangstíg, sem liggur milli Látrastrandar og Barðastrandar. Lögreglumennirnir Hákon og Hörður, sem áður eru nefndir og biðu þarna ákærða, gengu til móts við hann og ætluðu að hafa tal af honum, en ákærði tók þá á rás og hljóp að dyrum húss síns og fór þangað inn og neitaði að koma með lögreglumönnunum á lögreglustöðina til yfirheyrslu. Síðar um nóttina samþykkti hann þó að koma með lögreglumönnunum á lögreglustöðina á Seltjarnarnesi til yfirheyrslu, en þá var komin beiðni um handtökuskipan á hendur ákærða.

Á þessu tímabili, frá því að meint áfengissala fór fram og þangað til ákærði kom að heimili sínu kl. 0243, höfðu lögreglumennirnir Ólafur Guðmundsson og Benedikt Benediktsson farið að Borgarbílastöðinni og komu þá þar að, er leigubifreiðinni R 66315 var ekið þaðan og vestur Tryggvagötu. Þeir veittu bifreiðinni eftirför, en misstu af henni. Skömmu síðar komu þeir akandi Ægisgötu og sáu þá bifreiðina, þar sem hún var kyrrstæð við Báraugötu 20. Er þeir óku svo vestur þá götu, þá hafði bifreiðinni verið

ekið af staðnum. Benedikt fór þá úr lögreglubifreiðinni og gekk um hverfið. Ók Ólafur síðan um Bárugötu og kom þá að, þar sem leigubifreiðin R 66315 var fyrir utan hús nr. 20 við Bárugötu, og var þá sá, sem hafði verið farþegi í bifreiðinni, við húsið. Ólafur tók svo Benedikt aftur upp í bifreiðina, og er þeir óku svo austur Bárugötu, var leigubifreiðin R 66315 enn fyrir utan hús nr. 20, og þekktu lögreglumennirnir þann, sem sat við hlið ökumanns, sem ökumann leigubifreiðarinnar R 67411 frá Borgarbílastöðinni. Lögreglumennirnir kváðu þá hafa ekið á brott, er þeir veittu þeim athygli.

Við skýrslutöku hér fyrir dómi og einnig hjá lögreglu hefur ákærði neitað að hafa í greint sinn selt Ómari Helgasyni eina flösku af brennivíni. Hann kannaðist við að hafa tekið Ómar upp í bifreið sína, G 816, við Borgarbílastöðina í Reykjavík, er hann var að ljúka vinnu þar um kl. 2330 laugardagskvöldið 2. ágúst 1980. Hann kvaðst hafa kannast aðeins við þennan pilt og hann lofað honum að sitja í bifreiðinni vestur í bæ, en þangað hafi hann, ákærði, átt leið. Hann kvað Ómar hafa óskað eftir að fara úr bifreiðinni á Vesturgötu við Ægisgötu og hann hleypt honum þar út. Ákærði kvaðst ekkert hafa tekið fyrir þessa ferð, þar sem þetta hafi ekki verið túr, heldur hafi hann verið á leið heim til sín. Ákærði kvað Ómar hafa verið með áfengi með sér, er hann kom í bifreiðina, og haft það með sér, er hann fór úr bifreiðinni við Ægisgötu. Ákærði kvaðst svo hafa ekið að kvöldsólu við Garðastræti, þangað sem hann hafi ætlað að sækja dóttur sína, sem ætlað hafi að vera við barnagæslu heima hjá honum, þar sem kona hans hafi verið að fara á vakt á Fæðingarheimili Reykjavíkur. Hann hafi ekið þessa leið þannig, að hann hafi snúið bifreiðinni á Ægisgötu og ekið til baka austur Vesturgötu, svo eftir Norðurstíg að Grófinni og vestur Vesturgötu að Garðastræti 2, þar sem hann hafi gáð að, hvort dóttir hans væri að vinna, en hún verið farin. Hann kvaðst þá hafa ekið vestur Vesturgötu og er hann hafi verið kominn á móts við Bræðraborgarstíg, hafi hann hitt Ómar aftur, sem stöðvað hafi hann, komið að bifreiðinni og sest í framsæti hennar, en hann hafi vitað, að ákærði var að fara heim. Hann kvaðst svo hafa ekið honum upp Bræðraborgarstíg og að Bárugötu, þar sem hann hafi farið úr bifreiðinni og þá verið með plastpoka með einhverjum vörum í. Hann kvað son sinn Einar hafa verið mikið til húsa að Bárugötu 17 og hann því ekið upp Bárugötu til að grennslast fyrir um Einar til að fá hann til barnagæslu heima, þar sem hann hafi ekki fundið dóttur sína. Hann kvaðst svo hafa ekið heim og sonur hans, ellefu ára, verið einn heima og ákærði verið heima, þangað til lögreglan kom, utan þess að hann hafi gengið smáspöl um nágrennið til að liðka sig í fótunum.

Vitnið Ómar Helgason verkamaður, Álftamýri 56, Reykjavík, fæddur 26. sept. 1953, hefur borið um atvik hér fyrir dómi.

Vegna þess, sem að framan er getið um ferðir leigubílstjóra umrædda nótt að Bárugötu 20, þar sem hann hafði aðsetur, þótti ástæða til að ætla, að reynt yrði að hafa áhrif á vitnið, og var það því í framhaldi af, að skýrsla var tekin hjá lögreglu, látið staðfesta skýrslu sína hér fyrir dómi árla morguninn á eftir. Að beiðni verjanda ákærða kom svo vitnið aftur fyrir dóm 5. apríl sl.

Vitnið kvaðst laugardagskvöldið 2. ágúst 1980, um kr. 2330, hafa farið inn á Borgarbílastöðina við Hafnarstræti í Reykjavík í því skyni að kaupa þar af einhverjum leigubílstjóra eina flösku af áfengi. Það kvaðst nokkrum sinnum áður hafa farið á stöðina sömu erinda og í öll skiptin keypt áfengi og það gengið greiðlega fyrir sig. Það hafi borið upp erindið við einhvern leigubílstjórann og í framhaldi af því hafi verið farið með hann í smáökufarð og viðskiptin þá farið fram í leigubifreiðinni, en stundum hafi hann fengið flöskuna afhenta á stöðinni og greitt fyrir harna þar, en gjaldið hafi yfirleitt verið tvöfalt útsöluverð ÁTVR. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt neinn þessara leigubílstjóra né vitað deili á þeim. Það kvaðst þetta kvöld hafa snúið sér að fyrsta leigubílstjóranum, sem það hitti fyrir, er það kom á stöðina, og beið hann að selja sér áfengi. Hann hafi samþykkt að bjarga því um flösku og farið með það út í nýlega Toyota bifreið og þeir ekið af stað og það jafnframt tjáð honum, að það þyrfti að komast í kvöldsölu til að kaupa gos o. fl. Því hafi svo verið ekið að verslun við gatnamót Vesturgötu og Ægisgötu og hafi leigubílstjórinn sagt því að ganga vestur Vesturgötu, eftir að það hefði verslað, og mundi hann taka það upp á þeirri leið, eftir að hann hefði sótt vínið, en ekki tiltekið staðinn, sem hann sækti vínið á. Vitnið kvaðst hafa keypt í versluninni eina stóra flösku af Coca-Cola og vindlingapakka og fengið plastpoka undir flöskuna og haldið á honum, er það gekk vestur Vesturgötuna, og hafi ekkert annað farið í pokann. Eftir 10—15 mínútur kvað það leigubíllinn hafa komið aftur og það verið tekið upp í hann á Bræðraborgarstíg rétt ofan við Vesturgötu. Vitnið kvað þá hafa verið í framsætinu við hlið leigubílstjórans flösku af íslensku brennivíni, sem því hafi verið afhent, og þessu næst hafi verið ekið að dvalarstað þess, Bárugötu 20, þar sem það hafi greitt leigubílstjóranum gkr. 20.000 fyrir flöskuna og aksturinn, þ. e. sem næst tvöfalt útsöluverð ÁTVR, sem þá hafi verið sem næst gkr. 10.200. Vitnið kvað flöskuna hafa verið án umbúða og það sett hana í plastpokann, sem það var með, hjá kókflöskunni. Það kveðst síðan hafa yfirgefið leigubifreiðina og hafi ferð þess síðan verið stöðvuð af óeinkennisklæddum lögreglumanni og það gengið með honum að bifreið, sem hann var með. Það kvaðst í fyrstu hafa þarna neitað kaupunum í von um að fá að halda flöskunni og geta farið án frekari rekistefnu. Það kvaðst hafa horfið frá þessari neitun, er lögreglumennirnir hafi leitt sér fyrir sjónir, að fylgst hefði verið með söluinni. Þá

kom fram hjá vitninu, að það hafi þurft að vera 11 tíma á lögreglustöðinni vegna málsins, frá því það var tekið, en það ekki talið sig vera í haldi, heldur hafi það beðið á kaffistofu lögreglunnar, meðan rannsókninni var haldið áfram, og talið það nauðsynlegt í þágu rannsóknarinnar, en því hafi verið frjálst að fara, hvert sem það vildi, ef það hefði lagt áherslu á það.

Vitnið kváðst ekki hafa þekkt greindan leigubílstjóra nema í sjón. Við sambendingu hjá lögreglu 3. ágúst 1980 benti það á ákærða sem þann, sem seldi því flöskuna.

Þá hafa borið vætti í málinu Hrafnhildur Ólafsdóttir, Ásvallagötu 61, Reykjavík, fædd 30. janúar 1960, og Steinunn Björk Sigfúsdóttir, Bárugötu 36, Reykjavík, fædd 12. desember 1963, en þær voru á þessum tíma afgreiðslustúlkur í söluturninum að Vesturgötu 27, Reykjavík, og voru báðar staddar þar um kl. 2330 umrætt laugardagskvöld. Ber þeim saman um, að þá hafi komið í söluturninn ungur maður, sem þær þekktu í sjón, þar eð hann hafði komið oft að versla í söluturninum. Hann hafi keypt kókflösku og einn vindlingapakka og fengið plastpoka undir varninginn og svo farið. Hvorug þeirra hafði séð, að hann væri með neitt meðferðis, er hann kom inn í verlsunina, hvorki að hann hafi haldið á nokkru né að hann væri með neitt innanklæða, svo að áberandi væri.

Enn fremur hafa borið vætti í málinu framangreindir lögreglumenn, þ. e. Benedikt Benediktsson, Grettisgötu 90, Reykjavík, fæddur 18. janúar 1956, Hákon Sigurjónsson, Haukshólum 6, Reykjavík, Hörður Jóhannesson, Hofteigi 12, Reykjavík, fæddur 19. desember 1954, og Ólafur Guðmundss., Stórateigi 12, Mosfellssveit, fæddur 5. júlí 1947. Greina þeir í megindrátum á sama veg frá málsatvikum og í lögregluskýrslum, sem gerðar voru af Benedikt og Herði og rakið er úr í málavaxtalýsingu.

Herði og Hákon, sem fylgja ákærða eftir, er hann ók frá Borgarbilastöðinni að söluturninum að Vesturgötu 27, ber saman um, að farþeginn, Ómar Helgason, hafi verið tómhentur, er hann fór út úr bifreiðinni þar, og einnig að ákærði hafi eins og haldið á einhverju innanklæða og önnur höndin verið bundin við það, er hann kom út úr húsi nr. 5 A við Ránargötu, en hann hafi verið með hendurnar frá sér, er hann fór inn í húsið. Þeir höfðu fylgst með akstri ákærða frá söluturninum á Vesturgötu að greindu húsi og kváðust ekki hafa merkt, að ákærði stöðvaði eða staldraði við hjá kvöldsölu í Garðastræti og héldi svo vestur Vesturgötu, sem fram hafði komið í framburði hans, heldur kváðu þeir hann hafa ekið að greindu húsi við Ránargötu og eftir að hafa farið þar inn, ekið vestur Ránargötu. Þar við gatnamót Ægisgötu og Ránargötu biðu á ómerktri bifreið lögreglumennirnir Benedikt Benediktsson og Ólafur Guðmundsson og kváðust hafa fylgst með akstri ákærða norður Ægisgötu og vestur Vesturgötu að Bræðraborgarstíg, en rétt eftir að bifreið ákærða hafi verið beygt inn á Bræðra-

borgarstíginn, hafi hún verið stöðvuð, og var þar tekinn maður, sem var þarna á ferð og hélt á plastpoka. Ólafur kvaðst ekki hafa greint, hvað var í pokanum, en Benedikt kvað hann hafa verið með hvítan plastpoka utan um líters kókflösku og taldi ekki hafa verið annað í pokanum. Þeir kváðu ákærða svo hafa ekið að Bárugötu 20, þar sem hann hefði hleypt farþeganum út. Þeim ber saman um að hafa séð, að áður hafi farið einhvers konar viðskipti fram í bifreiðinni, og kvað Ólafur þau hafa staðið í nokkrar mínútur, eins og gengur þegar verið er að borga leigubifreið. Þeir kváðust þó ekki hafa séð neina afhendingu fara fram á áfengi eða öðru. Eftir að farþeginn fór út úr leigubifreiðinni, óku lögreglumennirnir að henni, og fór Ólafur út og hafði tal af farþeganum, vitninu Ómari, sem viðurkenndi fyrir honum að hafa keypt áfengisflösku af ákærða og var þá með áfengisflösku með sér í poka.

#### *Niðurstöður.*

Fyrir liggur í málinu framangreint vætti vitnisins Ómars um, að það hafi komið í greint sinn gagnert á Borgarbílastöðina í Reykjavík til að kaupa áfengi og ákærði hafi selt því eina flösku af brennivíni á kr. 20.000 eftir að hafa ekið því fyrst að Vesturgötu 27, þar sem það fór úr til að kaupa gosdrykk og vindlinga, og svo frá Bræðraborgarstíg að Bárugötu, þar sem það hafi farið úr bifreiðinni eftir að hafa innt greiðsluna af hendi og fengið flöskuna afhenta. Vætti annarra, sem borið hafa í málinu, eru til styrktar þessum framburði.

Þannig bera tvö vitni, að Ómar hafi verið tómhentur, er hann fór úr bifreið ákærða, leigubifreiðinni G 816, við Vesturgötu 27, Reykjavík, og tvö vitni, afgreiðslustúlkur í söluturninum í því húsi, bera og að maður, sem ekki fer milli mála, að var Ómar, hafi ekki haft neitt meðferðis, er hann kom inn í verslunina, hvorki haldið á neinu né verið með neitt inn á sér, svo áberandi væri, heldur keypt eina flösku með 1 líter af kók og fengið undir hana plastpoka og einungis sett í hann kókflöskuna, en er hins vegar með brennivinsflösku í pokanum, er lögreglan talar við hann rétt á eftir við Bárugötu 20.

Það sjá tvö vitni, að viðskipti fara fram í bifreið ákærða milli hans og Ómars, greiðsla er innt af hendi, og er þau tala í framhaldi af því við Ómar, er hann þá með brennivinsflösku með sér, en ákærði hefur sagt, að hann hafi ekki tekið greiðslu fyrir aksturinn, sem bendir til þess, að greiðslan hafi verið fyrir greinda flösku, svo sem vitnið Ómar segir. Þá er og ljóst af framburði vitna, að ákærði ekur eftir að hafa hleypt Ómari út við Vesturgötu 27 að Ránargötu 5 A, þó ekki skemmstu leið, og eftir að hafa farið þar inn í hús kemur aftur að bifreið sinni er eins og hann haldi á einhverju innan undir jakkanum, er með aðra höndina bundna við það og

gæti það hafa verið áfengisflaska, en ákærði hefur ekki viljað kannast við að hafa farið þangað, sem verður að teljast tortryggilegt, en í beinu framhaldi af ferð sinni í þetta hús tekur hann Ómar í bifreið sína, og viðskipti eiga sér stað, og Ómar er svo með áfengisflösku undir höndum, er hann yfirgefur bifreiðina.

Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að fram sé komin þrátt fyrir neitun ákærða lögfull sönnun um, að ákærði seldi Ómari Helgasyni í greitt sinn eina flösku af brennivíni gegn því gjaldi, sem hann tilgreinir og er innan sennilegra marka.

Með atferli þessu hefur ákærði gerst brotlegur við 18. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978, hæfilega ákveðin kr. 2.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Kristins Sigurjónssonar, sem ákveðast krónur 4.500.00.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Júlíus Einarsson, greiði í sekt til ríkissjóðs krónur 2.000.00, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Kristins Sigurjónssonar, kr. 4.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.